



Íþróttakennari Náms- og starfsráðgjafi Afleysing vegna leyfis í eitt ár

Framhaldsskólinn á Laugum auglýsir eftir íþróttakennara við skólann. Um er að ræða 100% starf í eitt ár vegna leyfis. Í starfinu felst m.a. hefðbundin íþróttakennsla, kennsla íþróttufræði og íþróttagreina á íþróttabraut, umsjón með starfsnámi nema á íþróttabraut sem og afreksíþróttum og umsjón með félagsstörfum í íþróttum. Í núverandi námsskipulagi skólans fer hluti vinnunnar fram á milli kl. 16 og 18 mánudaga til fimmtudaga.

Framhaldsskólinn á Laugum auglýsir eftir náms- og starfsráðgjafa við skólann. Um er að ræða 50% starf í eitt ár vegna leyfis. Möguleiki er að auka starfshlutfallið með því að taka að sér önnur verkefni s.s. aðstoð við félagsstörf nemenda. Í starfinu felst m.a. að vera nemendum, forráðamönnum og kennurum til ráðgjafar og aðstoðar við lausn viðfangsefna sem tengjast námi, störfum og félagslegum þáttum skólavistarinnar; stuðningur við nemendur með persónulega eða námslega erfiðleika; samstarf við greiningaraðila, félagsráðgjafa, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og lækna; að kynna skólann fyrir grunnskólanemum og samstarf og samskipti við grunnskóla; að vera tengiliður skólans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskólar*; og brotthvarfsskimun sem og aðrar ýmis konar skimanir, námskeið og kynningar.

Krafa er gerð um sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileika, frumkvæði, þjónustulípurð, hæfni í samskiptum og tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni, þróunarvinnu og framsækni í skólastarfi á skemmtilegum vinnustað. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar fyrir 1. júní 2017 til skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem veitir allar frekari upplýsingar í síma 464-6301. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sarngrim@laugar.is. Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Skólameistari
Framhaldsskólans á Laugum
650 Laugar



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**
fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálf síðu er
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk
kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is
8953386



FRÁ STÓRUTJARNASKÓLA

Stórutjarnaskóla verður slitið
fimmtudagskvöldið 1. júní kl 20:00

Allir velkomnir

Skólastjóri

Til sölu

Tvær rakstrarvélar

Kuhn 7301, tveggja stjörnu, miðjurakstrarvél
Vicon 653, tveggja stjörnu, hliðarrakstrarvél og

Mchale pökkunarvél, tölvustýrð

Getur verið aftan í rúlluvél.

Upplýsingar í síma 895 3366

21. tbl.
24. maí
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Vorfundur Kvenfélags Reykdæla

verður haldinn í Húsmæðraskólanum þriðjudaginn 30.
maí kl. 20:00. Við bjóðum öllum konum að koma og eiga
kvöldstund með okkur og kynnst starfi félagsins.

Stjórnin.

